

Minnisblað

Til: Menningarmálanefnd
Frá: Tinna Ólafsdóttir
Dags. 8. febrúar 2022
Mnr. 2022020028



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Söguskilti.docx

Sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs og upplýsingafulltrúi hafa skoðað möguleikann á að koma upp söguskiltum í Ísafjarðarbæ, til upplýsingar og fróðleiks fyrir íbúa og gesti. Fyrirmyndin eru söguvörður sem Akureyrarbær ásamt Minjasafni Akureyrar hafa sett upp, en þó munu skiltin hér líklega vera minni í sniðum.

Fyrirhugað er að sækja um styrk fyrir hluta kostnaðar við upplýsingaöflun og uppsetningu skilta en einnig hefur fengist vilyrði frá hafnarstjóra hafna Ísafjarðarbæjar fyrir þátttöku í kostnaði. Þá hefur forstöðumaður skjala- og ljósmyndasafna tekið vel í að aðstoða við val á staðsetningu skiltanna og upplýsingaöflun.

Verið er að kalla eftir tilboðum í skiltagerðina sjálfa og óstaðfestur kostnaður við gerð hvers skiltis er um 150.000 kr. en einnig mun bætast við kostnaður við að setja skiltin niður.